

ÁRÍÐANDI SKILABOÐ frá rektor LHÍ / URGENT INFORMATION from IUA rector

Fríða Björk Ingvarsdóttir <frida@lhi.is>

Fri 13/03/2020 12:02

To: Fríða Björk Ingvarsdóttir <frida@lhi.is>; Sóley Björt Guðmundsdóttir <soleybjort@lhi.is>; Haukur Björnsson <haukurbjornsson@lhi.is>

PLEASE NOTE ENGLISH VERSION BELOW:

Kæru nemendur, kæra starfsfólk.

Heilbrigðisráðherra hefur lagt á samkomubann og fyrirskipað að framhalds- og háskólar breyti starfsemi sinni í samræmi við það með lokunum. Þessar takmarkanir gilda frá miðnætti á mánudag og að lágmarki í 4 vikur.

Því er svo komið að forvarnaraðgerðir gegn útbreiðslu kórónaveirusmits krefjast þess að við breytum starfsháttum okkar um sinn og hættum hefðbundnu starfi í byggingum Listaháskólans þar til fyrirmæli koma um annað. Markmið okkar er eigi að síður að tryggja samfellu í náminu og á meðan þetta ástand varir munum við færa það í nýjan búning með þeim lausnum sem hægt er að nýta á hverri námsbraut fyrir sig.

Áætlanir hafa verið gerðar innan allra deilda til að mæta þessum óvenjulegu aðstæðum, sem þrátt fyrir að krefjast mikils af okkur öllum, eru ekki óvinnandi. Deildarforsetar og/eða fagstjórar munu innan tíðar senda út nánari fyrirmæli til nemenda um hvernig náminu verður háttað.

Vinsamlegast hafið eftirfarandi í huga:

- Frá og með mánudegi skulu nemendur bíða frekari fyrirmæla vegna náms. Það sama gildir um starfsmenn.
- Húsnæði Listaháskólans verður lokað tímabundið, þar til frekari fyrirmæli berast. Það felur í sér að öll kennsla, þjálfun og verkstæðisvinna fellur niður innan húsnæðis LHÍ.
- Unnið verður að því að veita þeim sem á þurfa að halda aðgang að gögnum sínum í skólanum með skipulögðum hætti, en vinsamlegast takið með ykkur það sem er nauðsynlegt strax í dag.
- Hvorki starfsmenn né nemendur fara erlendis á vegum skólans að svo komnu máli og þangað til nánari upplýsingar berast.
- Um viðburði á vegum skólans, svo sem tónleika, sýningar, fyrirlestra og annað munu koma nánari fyrirmæli á næstu dögum.
- Vegna þessara aðstæðna falla heimsóknir erlendra aðila til Listaháskólans niður, eða verður frestað, að svo stöddu.

Við gerum ráð fyrir að þótt um umtalsvert rask á námsfyrirkomulagi sé að ræða getum við stutt alla okkar nemendur í gegnum önnina þannig að námsmat og útskrift verði með hefðbundnum hætti.

Starfsmenn munu fá nánari fyrirmæli frá sínum yfirmönnum um hvernig þeirra starfi verður háttað á á meðan þetta ástand varir, séu þeir ekki búnir að fá þau nú þegar.

Ég hvet ykkur öll til að fylgjast vel með frekari upplýsingum frá okkur sem munu berast eins fljótt og auðið er.

Ef þið þurfið brýnt á frekari upplýsingum að halda, vinsamlegast leitið til eftirfarandi aðila:

Nemendur; Björg Jóna Birgisdóttir, námsstjóri og námsráðgjafi; bjorg@lhi.is, sími 893 6360

Starfsmenn; Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri; haukurbjornsson@lhi.is, sími 840 6600, Sóley Björt Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri; soleybjort@lhi.is, sími 898 8786.

Þið getið einnig haft samband við undirritaða; frida@lhi.is, sími 896 3005.

Með góðum kveðjum til ykkar allra og þökkum fyrir skilning og samstöðu á þessum óvenjulegu tímum.

Fríða Björk Ingvarsdóttir
rektor.

ENGLISH VERSION:

Dear students, dear staff.

Governmental authorities have imposed restrictions to public gatherings and university operations. These restrictions will take effect from midnight on Sunday and last for at least 4 weeks.

Therefore as of now efforts to slow down the spread of the coronavirus have reached the point where we need to change our working methods for the time being and stop operations in the Iceland University of the Arts buildings until further notice. Nonetheless our aim is to ensure continuity in all study programmes and while this situation lasts we will use every possible way to provide solutions suitable for each and every course of study.

Plans have been made within all departments to meet these exceptional circumstances. Even though they are demanding for all of us they are manageable. Deans and/or programme leaders will soon send out further instructions to students with information about how the studies will be conducted.

Please note that:

- From Monday onwards we should all follow further instructions, regarding work or school operations.
- All IUA buildings will be closed and no teaching, training or work in the workshops will take place.
- Measures will be taken to enable those who may need to access material or other belongings in the buildings, but please take with you today all necessary belongings.
- Neither students nor staff members will travel abroad on behalf of the school, until further notice.
- We will in the next few days give further instructions concerning concerts, exhibitions, performances, lectures and other gatherings organised by the IUA.
- Because of these unusual circumstances all visits from abroad are either cancelled or postponed for the time being.

We assume that in spite of considerable inconveniences for both students and staff we will be able to assist each and every student to the end of term and ensure that their progress is in order - also for graduation.

Staff members will be given further instructions by their respective superiors about how their work will be organised while this situation lasts.

I encourage you all to follow closely all further information that will be sent to you from the IUA shortly.

Should you urgently need further information regarding this matter please contact:

Students: Björg Jóna Birgisdóttir, Director of Academic Affairs and Student Counsellor; bjorg@lhi.is, tel: 893 6360.

Staff: Haukur Björnsson, Managing Director; haukurbjornsson@lhi.is, tel: 840 6600, Sóley Björt Guðmundsdóttir, Human Resource Manager; soleybjort@lhi.is, tel: 898 8786.

My own details are: frida@lhi.is, tel: 896 3005.

Thank you all for your understanding and cooperation - with warm regards.

Fríða Björk Ingvarsdóttir
rektor.



Fríða Björk Ingvarsdóttir
Rektor / Rector
frida@lhi.is

bverholti 11 / www.lhi.is
105 Reykjavík / Iceland
Tel [+354 552 4000](tel:+3545524000)